



LÖGREGLUSKÓLI RÍKISINS

Krókhálsi 5a • 110 Reykjavík • Sími 577 2200 • Fax 577 2201

Alþingi
Erindi nr. P 139/1219
komudagur 3. 2. 2011

Reykjavík, 3. febrúar 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Greinargerð til allsherjarnefndar um lögreglunám og svör við spurningum
Marðar Árnasonar.

Ég undirritaður, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, var ásamt fleirum boðaður á fund allsherjarnefndar Alþingis þann 31. janúar sl. þar sem rætt var um frumvarp til laga um breytingu lögreglulögum nr. 90/1996 (afnám launagreiðslna lögreglunema í grunnnámi), 405. mál.

Á fundinum komu fram spurningar varðandi lögreglunámið sem ekki vannst tími til að svara. Að ósk fundarstjórans, Atla Gíslasonar, hef ég tekið saman greinargerð til nefndarinnar sem fylgir í viðhengi.

Í gær barst mér svo tölvupóstur frá nefndasviði þar sem settar voru fram níu spurningar frá Merði Árnasyni vegna málsins.

Ég hef tekið saman skjal þar sem svarað er þeim spurningum sem beint var til skólans. Skjalið fylgir einnig í viðhengi.

Virðingarfyllst,

Arnar Guðmundsson
skólastjóri



LÖGREGLUSKÓLI RÍKISINS

GREINARGERÐ

vegna fundar í allsherjarnefnd 31. janúar 2011

Inntaka nýnema í almennt lögreglunám á vorönn 2011

Áætlanir Lögregluskóla ríkisins fyrir árið 2011 gerðu ráð fyrir að nýnemar yrðu teknir inn á vorönn sem hæfist í byrjun janúar 2011. Um miðjan september og fram í október 2010 fór fram vinna að rekstraráætlun skólans, til loka árs 2010 og fyrir allt árið 2011. Á þeim tíma var athygli dómsmálaráðuneytisins vakin á mikilvægi þess að halda þyrfti áætlun, ákveða inntöku og auglýsa eftir nýnemum.

Í samráði við skólann var, á sama tíma, í ráðuneytinu unnið að frumvarpi til breytinga á 4. mgr. 38. gr. lögreglulaga þar sem ákvæðum um laun nemenda í grunnnámi yrði breytt á þann hátt að bóknámið við skólann yrði ekki launað. Auk þess lagði skólinn til við ráðuneytið að ákvæðum laganna yrði breytt, til aukins sveigjanleika í náminu, þannig að felldur yrði niður texti sem segir að námið skiptist í þrjár annir og að þriðja önn taki við að lokinni starfsþjálfunarönn.

Ráðuneytið samþykkti rekstraráætlun skólans fyrir árið 2011 þar sem tekið var mið af niðurskurðarkröfu sem sett hafði verið á stofnunina auk þess sem byggt var á því að lagabreyting um lögreglunámið næði fram að ganga. Samkvæmt áætluninni var gert ráð fyrir launakostnaði vegna 20 nemenda á árinu 2011 í launuðu starfsnámi en ekki gert ráð fyrir að lokaönnin í skólanum yrði áfram launað nám.

Í byrjun desember hafði valnefnd skólans lokið við að vinna úr þeim 80 umsóknum sem bárust um skólavist. 59 umsækjendur reyndust hæfir samkvæmt umsóknargögnum og voru boðaðir í inntökupróf sem 33 þeirra stóðust.

Nokkru fyrir jól 2010 lágu niðurstöður valnefndar skólans fyrir og var tilkynnt hvaða 20 umsækjendur voru valdir til að stunda námið ef ákvörðun yrði tekin um að byrja það á vorönn 2011. Þeim sem hlut áttu að máli var tilkynnt bréflaga að upphaf námsins væri háð því að lögum og kjarasamningi yrði breytt.

Það viðhorf skólans hefur alltaf legið fyrir að ekki sé talið ráðlegt að byrja lögreglunám við skólann, sem er nám í samfelld tólf mánuði, ef ekki er á hreinu við upphaf þess hvernig námsferlið og kjör væntanlegra nemenda verða allan námstímamann, þrátt fyrir að fyrirhugaðar breytingarnar varði ekki fyrsta hluta námsins sem taka mun fjóra mánuði.

Þeim sem valdir hafa verið til náms hefur verið tilkynnt að námið geti ekki hafist fyrr en í fyrsta lagi þann 1. mars nk., þeir hafa allir svarað og óska eftir að þiggja skólavist ef námið hefst í mars.

Það sem betur fer ef breyting verður á tilhögun lögreglunáms (hagræðing)

Ef frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, sem flutt var á Alþingi þann 17. janúar 2011, verður að lögum, hefur það í för með sér sparnað fyrir Lögregluskóla ríkisins og tryggir að hægt verður að reka grunnnámsdeild skólans þrátt fyrir skerta fjárveitingu.

Launakostnaður vegna nemenda mun þá minnka frá því sem verið hefur þar sem kostnaður vegna mánaðarlauna nemenda í starfsnámi nemur lægri fjárhæð en kostnaður vegna nemenda á lokaönn væri með óbreyttu fyrirkomulagi. Sem kunnugt er eru laun lögreglumanna greidd samkvæmt kjarasamningi Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Á lokaönninni hafa nemendur samkvæmt kjarasamningnum fengið greitt vaktaálag, sem nemur meðaltali þess vaktaálags sem allur nemendahópurinn hefur fengið greitt á starfsnámsönninni. Þetta fyrirkomulag hefur verið óhentugt fyrir skólann sem hefur ekkert með það að gera hvert er umfang vaktavinnu lögreglumanna í starfsnáminu.

Tekið skal fram að Landssamband lögreglumanna og samninganefnd ríkisins hafa komið saman til að ræða breytingar á ákvæðum kjarasamnings í samræmi við lög ef þeim verður breytt.

Ef 20 nemendur verða teknir inn í skólann nú á vorönn, þeir fara að lokinni fyrstu bóknámsönn í launað starfsnám í fjóra mánuði og skólinn greiðir þá mánaðarlaun þeirra, má gera ráð fyrir að launakostnaður skólans vegna hvers nemanda verði um 1.1 m.kr. eða 22 m.kr. vegna allra nemendanna. Verði fyrrgreint frumvarp að lögum verður þetta heildarlaunakostnaður skólans vegna nemendanna.

Ef fyrirkomulaginu verður hins vegar ekki breytt má gera ráð fyrir að launakostnaður skólans vegna 20 nemenda á launaðri lokaönn við skólann komi til með að vera á bilinu 28-30 m.kr. vegna allra. Fer það samkvæmt framansögðu eftir því hve mikla vaktavinnu hópurinn vinnur á starfsnámsönninni.

Þess má geta að það hefur stundum verið óhagræði af því fyrir skólastarfið að nemendur skuli vera á launum í bóknámi. Að sjálfsögðu er ekki greidd yfirvinna og því hafa komið upp „vandamál“ þegar nemendur telja skólatímamann fara fram yfir hefðbundinn vinnutíma m.t.t. mánaðarlauna. Þetta hefur komið upp, einkum þegar um verklegar æfingar hefur verið að ræða en þær eru umfangsmiklar á lokaönn námsins eins og gefur að skilja.

Hvað nemendurnar varðar þá verður það góður kostur fyrir þá ef það liggur fyrir þegar þeir hefja lögreglunám, að standist þeir prófkröfur og aðrar kröfur sem gerðar eru þá sé tryggt að þeir muni fá tækifæri til að ljúka náminu og engin hættu á að gera þurfi hlé á því, eins og varð raunin með þá nemendur sem hófu nám árin 2008 og 2009 þar sem ekkert lögregluembætti hafði lengur fjárhagslegt bolmagn til að ráða nemendur í launað starfsnám eins og verið hafði undangengin ár. Niðurstaðan varð sú að skólinn greiddi þessum nemendum mánaðarlaun þeirra meðan á starfsnámi þeirra stóð.

Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN)

Fyrir liggur úrskurður stjórnar LÍN frá því í júní 2001 um að fyrsta önn af þremur í Lögregluskóla ríkisins hafi verið lánshæf frá og með námsárinu 2001 – 2002. Einnig liggur fyrir úrskurður stjórnar LÍN frá því í apríl 2010 um að ólaunaði bóklegi hluti námsins, samtals tvö misseri af þremur við skólann, sé lánshæft nám samkvæmt útlutunarreglum sjóðsins.

Lögregluskólanum er ekki kunnugt um hversu mikið hefur verið um það undanfarin ár að lögreglunemar hafi sótt um lán hjá LÍN vegna náms við skólann. Á heimasíðu LÍN segir, varðandi áhrif tekna á lán úr sjónum, að allar skattskyldar tekjur námsmanns (og maka ef sótt er um makalán) árið 2010 hafi áhrif á upphæð námsláns veturinn 2010 – 2011. Af þessu má ráða, án þess að það sé fullyrt hér, að tekjur nemenda Lögregluskólans, meðan á starfsnámi þeirra stendur, hafi ekki áhrif á lánveitingu til þeirra.

Fyrirkomulag lögreglunáms

Fyrirkomulag grunnnáms lögreglu hefur verið með svipuðum hætti frá því að lögreglulögin öðluðust gildi þann 1. júlí 1997. Fyrsta ólaunaða önnin í skólanum er oftast frá janúarbyrjun til og með aprílloka; þá hefur tekið við launað starfsnám sem jafnan hefur verið mánuðina maí til og með ágúst og loks launuð lokaönnin í skólanum frá byrjun september og fram undir jól.

Það getur verið góður kostur fyrir skólann og nemendur ef einhver sveigjanleiki er mögulegur varðandi skiptingu námsins í annir og því var það að í fyrirliggjandi frumvarpi er lagt til að ekki verði kveðið á um þrjár námsannir í lögunum og þær skilgreindar sérstaklega, heldur kveðið á um lágmarkstíma starfsnámsins og lágmarkstíma námsins í heild. Með breytingunni opnast sá möguleiki að lengja námstímann með reglugerð, sbr. 39. gr. lögreglulaganna. Tími og fyrirkomulag námsins verður að sjálf-sögðu ávallt að liggja fyrir þegar auglýst er eftir nemendum í skólann.

Lögreglunemar - lögreglumenn

Lögreglunemar eru lögreglumannsefni en teljast ekki til lögreglumanna, skv. 3. gr. lögreglulaga. Lögreglunemar gegna almennum löggæslustörfum í starfsnámi undir stjórn lögreglumanna eins og fram kemur í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar um starfstig innan lögreglunnar, nr. 1051/2006 en þá fara þeir með lögregluvald, sbr. 8. tl. 9. gr. lögreglulaga.

Lögreglumenn eru slysatryggðir

Lögreglumenn eru slysatryggðir samkvæmt kjarasamningi. Lögregluskólinn keypti sérstaka tryggingu vegna lögreglumanna fram til ársins 2009 en síðan þá hefur slysatrygging lögreglumanna einnig náð yfir lögreglumenn.

Heitstafur

Allir lögreglumenn sem eru skipaðir eða ráðnir til starfa skulu vinna heit samkvæmt 29. gr. lögreglulaga þegar þeir hefja störf. Áður en lögreglumenn hefja starfsnám í lögreglu er hefð fyrir því, með vísan til framanritaðs, að þeir vinni heitið og er það formleg athöfn sem framkvæmd er í skólanum.

Hvernig brautskráðir skila sér til starfa í lögreglu

Í lok nóvember 2010 tók skólinn saman, vegna fyrirspurnar sem beint var til ráðherra á Alþingi, hve margir lögreglumenn voru brautskráðir árin 2008, 2009 og 2010 og hve margir af þeim voru þá skipaðir lögreglumenn.

Á þessum árum, 2008 – 2010, voru brautskráðir 114 nemendur frá grunnskóla skólans og í lok nóvember 2010 voru 34 þeirra þá ekki starfandi sem lögreglumenn. Vitað er að á sama tíma voru tveir úr þessum hópi á atvinnuleysissskrá en ekki liggja fyrir upplýsingar um hvað hinir voru að fást við.


Framhaldsnám lögreglumanna

Framhaldsnám lögreglumanna er Símenntun, Sérmenntun og Stjórnun, sbr. 1. mgr. 36. gr. lögreglulaga. Lögregluskólinn setur jafnan fram námsskrá framhaldsdeildar fyrir hverja önn og kynnir öllum lögregluembættum. Lögreglustjórar „senda“ lögreglumenn eftir þörfum í framhaldsnám við skólann og er slíkt nám jafnan hluti af starfi þeirra og starfsþróun. Embættin greiða þeim laun samkvæmt kjarasamningi og ef við á ferða- og dvalarkostnað.

Þegar hentugt þykir fara kennarar Lögregluskóla ríkisins með námskeið um landið; hafa það aðallega verið símenntunarnámskeið og einstaka sérnámskeið.

Í rekstaráætlun skólans fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir 9.6 m.kr. til reksturs framhaldsdeildarinnar. Ekkert af þeim kostnaði er vegna launa þátttakenda á námskeiðum á vegum deildarinnar enda er launakostnaðurinn greiddur af viðkomandi lögregluembættum eins og fram kemur hér að ofan.

Reykjavík, 3. febrúar 2011


Arnar Guðmundsson, skólastjóri



LÖGREGLUSKÓLI RÍKISINS

139. löggjafarþing 2010 – 2011
Þingskjal 656 — 405. mál

Lögreglulög (afnám launagreiðslna lögreglunema í grunnnámi)

Svar við spurningum Marðar Árnasonar

Þann 2. febrúar s.l. barst Lögregluskóla ríkisins tölvupóstur frá nefndasviði Alþingis. Tölvupóstinum fylgdi skjal með spurningum frá Merði Árnasyni, alþingismanni, sem hann óskar svara við, m.a. frá skólanum.

Hér á eftir koma svör Lögregluskóla ríkisins við þeim spurningum sem var beint til hans.

1. Breytingartillagan snertir 2. og 3. önn, hvað nemendur varðar bara 3. önn. Af hverju er skólinn ekki hafinn?

Það viðhorf skólans hefur alltaf legið fyrir, m.a. með vísan til hæstaréttardóms númer 348/2001, að ekki sé talið ráðlegt að byrja lögreglunám við skólann, sem er nám í samfellt tólf mánuði, ef ekki er á hreinu við upphaf þess hvernig námsferlið og kjör væntanlegra nemenda verða allan námstímann.

Þrátt fyrir að fyrirhugaðar breytingarnar væri ekki fyrstu önn námsins var því sá fyrirvari settur, strax í upphafi inntökuferilsins, að breytingar á ákvæðum lögreglulaga og kjarasamningi Landssambands lögreglumanna, varðandi launagreiðslur til nemenda í bóknámi við Lögregluskóla ríkisins, væru forsenda þess að skólinn taki inn nýnema árið 2011.

2. Hvernig bar málið að? – Betri skýringar þarf á því að ekkert var gert í málinu fyrir en um miðjan desember.

Áætlanir Lögregluskóla ríkisins fyrir árið 2011 gerðu ráð fyrir að nýnemar yrðu teknir inn á vorönn sem hæfist í byrjun janúar 2011. Um miðjan september og fram í október 2010 fór fram vinna að rekstraráætlun skólans, til loka árs 2010 og fyrir allt árið 2011. Á þeim tíma var athygli dómsmálaráðuneytisins vakin á mikilvægi þess að halda þyrfti áætlun, ákveða inntöku og auglýsa eftir nýnemum.

Í samráði við skólann var, á sama tíma, í ráðuneytinu unnið að frumvarpi til breytinga á 4. mgr. 38. gr. lögreglulaga þar sem ákvæðum um laun nemenda í grunnnámi yrði breytt á þann hátt að bóknámið við skólann yrði ekki launað. Auk þess lagði skólinn til við ráðuneytið að ákvæðum laganna yrði breytt, til aukins sveigjanleika í náminu, þannig að felldur yrði niður texti sem segir að námið skiptist í þrjár annir og að þriðja önn taki við að lokinni starfsþjálfunarönn.

-
3. Af hverju flutti ráðherra ekki stjórnarfrumvarp eða gaf yfirlýsingu um að slíkt frumvarp væri á leiðinni?
 4. Hver er líklegur útgjaldaauki LÍN vegna þessa? Er reiknað með honum í fjárveitingum til sjóðsins?
 5. Er reiknað með starfslaunum í fjárveitingum til Lögregluskólans?

Rekstraráætlun skólans fyrir árið 2011 var skilað til ráðuneytisins í október 2010. Áætlunin tók mið af niðurskurðarkröfu sem sett hafði verið á stofnunina auk þess sem byggt var á því að lagabreyting um lögreglunámið næði fram að ganga. Samkvæmt áætluninni var gert ráð fyrir launakostnaði vegna 20 nemenda á árinu 2011 í launuðu starfsnámi en ekki gert ráð fyrir að lokaönnin í skólanum yrði áfram launað nám. Ráðuneytið staðfesti rekstraráætlunina með bréfi.

6. Hvernig er áætlað að nemendur á 3. önn kæmu út úr tekjureglum LÍN eftir laun í starfsnáminu?

Á heimasíðu LÍN segir, varðandi áhrif tekna á lán úr sjónum, að allar skattskyldar tekjur námsmanns (og maka ef sótt er um makalán) árið 2010 hafi áhrif á upphæð námsláns veturinn 2010 – 2011. Af þessu má álykta sem svo, án þess að það sé fullyrt af hálfu skólans, að tekjur nemenda Lögregluskólans, meðan á starfsnámi þeirra stendur, hafi ekki áhrif á lánveitingu til þeirra.

7. Hver er staða nemanna í ljósi 5. og 7. gr. reglugerðar um Lögregluskólann? Nemar á námslánum hluti eiðsvarins lögregluliðs?

Allir lögreglumenn sem eru skipaðir eða ráðnir til starfa skulu vinna heit samkvæmt 29. gr. lögreglulaga þegar þeir hefja störf. Áður en lögreglunemar hefja starfsnám í lögreglu er hefð fyrir því, með vísan til framanritaðs, að þeir vinni heitið og er það formleg athöfn sem framkvæmd er í skólanum.

Nemendur í Lögregluskóla ríkisins fara með lögregluvald þegar þeir gegna lögreglustarfi og lögregluvald þeirra er ótvírátt á meðan þeir sinna lögreglustörfum í starfsnámi þeirra. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur gegni lögreglustarfi þegar þeir eru við nám á bóknámsönnnum og þar með, hugsanlega á námslánum.

Ljóst er að verði frumvarp til breytinga á lögreglulögum samþykkt þarf að breyta ákvæðum reglugerðar um Lögregluskóla ríkisins til samræmis við breytt lagaákvæði.

8. Framhaldsnám? (gert ráð fyrir 9,6 m.kr. rekstrarkostnaði 2011). Námslán þar líka?

Í rekstraráætlun skólans fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir 9.6 m.kr. til reksturs framhaldsdeildarinnar. Ekkert af þeim kostnaði er vegna launa lögreglumanna sem sækja námskeið á vegum deildarinnar enda eru þeir þá á launum hjá viðkomandi lögregluembættum. Ekki stendur til að breyta þessu fyrirkomulagi.

9. Hver er framtíðarstefna í innanríkisráðuneytinu í málefnum Lögregluskólans (sbr. skýrsluna frá 2008)?

Reykjavík, 3. febrúar 2011


Arnar Guðmundsson, skólastjóri